

Föstudaginn 20. nóvember 1992.

Nr. 402/1992. **Skógar sf.**

gegn

Jóni Blöndal og

Þorsteini Júlíussoni.

Kærumál. Dómkvaðning matsmanna. Lax- og silungsveiðilög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 14. október 1992 með vísan til heimildar í c-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og því hafnað, að dómkvaðning matsmanna fari fram. Til vara krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði breytt þannig, að ákvörðun um dómkvaðningu verði frestað, þar til yfirmatsnefnd samkvæmt lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði hefur úrskurðað í yfirstandandi arðskrármáli samkvæmt kæru sinni til nefndarinnar 10. nóvember 1987. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðilans Jóns Blöndals er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Af hálfu varnaraðilans Þorsteins Júlíussonar hafa ekki verið hafðar uppi kröfur í Hæstarétti.

Svo sem fram kemur í hinum kærða úrskurði, fór fram mat á árinu 1987 til að skera úr ágreiningi um arðskrá fyrir Flókadalsá. Sóknaraðili skaut því mati til yfirmats vegna deilu um landamerki jarðanna Skóga og Brúsholts, þar sem í matinu væri gert ráð fyrir því, að arður umdeilds svæðis rynni til síðarnefndu jarðarinnar. Yfirmatsnefnd hefur ekki lokið störfum, þar sem beðið var dóms í máli vegna nefndrar landamerkjadeilu, sem rekið var fyrir dómstólum, en dómur Hæstaréttar í því máli var kveðinn upp 24. september 1991. Féll hann sóknaraðila í hag.

Upplýst er í málinu, að frá því er mat fór fram 1987, hefur verið gerður nýr fiskvegur um Stekkjarfoss í Flókadalsá. Halda varnaraðilar því fram í beiðni sinni um dómkvaðningu matsmanna, að forsendur arðskrár hafi breyst verulega af þessum sökum. Sóknar-

aðili telur hins vegar, að með gerð hins nýja fiskvegar hafi ekkert það gerst, sem ekki sé eðlilegt úrlausnatriði yfirmatsnefndar.

Þegar litið er til þeirra tveggja atriða, sem að framan eru nefnd, þykja forsendur svo breyttar, frá því að mat fór fram 1987, að fallast beri á kröfu varnaraðila um dómkvaðningu matsmanna. Verður ákvæði 3. mgr. 50. gr. laga nr. 76/1970 ekki talið standa þessu í vegi. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Rétt er, að sóknaraðili greiði kærumsálskostnað, eins og segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Skógar sf., greiði varnaraðila, Jóni Blöndal, 30.000 krónur í kærumsálskostnað.

Úrskurður héraðsdóms Vesturlands 2. október 1992.

I.

Með bréfi, dagsettu 8. júlí 1992, barst héraðsdómi Vesturlands beiðni Jóns Blöndals, Langholti, Andakílshreppi, og Þorsteins Júlíussonar, Laugabæ, um það, að dómkvaddir yrðu tveir hæfir og óvilhallir menn til þess að gera arðskrá fyrir ána Flóku.

Eigendur jarðarinnar Skóga í Flókadal, Reykholtisdalshreppi, mótmæltu dómkvaðningunni.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 28. september sl.

II.

Matsbeiðendur rökstyðja kröfu sína um dómkvaðningu með því, að forsendur arðskrár, er gerð var 12. september 1987 og vísað var til yfirmats, hafi breyst verulega. Jarðirnar Eyri og Hrísar hafi eignast verulega aukna aðild að veiði árinna Flóku vegna gerðar fiskvegar um Stekkjarfoss, er valdi því, að lax gangi upp fyrir fossinn.

Kröfu sinni til stuðnings vísa matsbeiðendur til IX. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í héraði.

Eigendur jarðarinnar Skóga í Flókadal, Reykholtisdalshreppi, mótmæltu dómkvaðningunni og kröfðust úrskurðar. Rökstyðja þeir mótmæli sín með því, að ekki sé lögformlegur grundvöllur til skipunar undirmatsmanna. Yfirmatsmenn veiðimála séu enn að störfum við yfirmat á mati, dagsettu 14. september 1986, skv. kæru til yfirmats, dagsettri 10. nóvember 1987,

skv. 3. mgr. 50. gr., sbr. 3. mgr. 94. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, að beiðni Veiðifélagsins Flóku og kröfu eigenda Skóga.

III.

Óumdeilt er, að dómkvaddir voru matsmenn til þess að gera arðskrá fyrir Flóku og að þeir luku mati sínu í september 1987. Mati þessu var skotið til yfirmats skv. heimild í lögum nr. 76/1970. Yfirmat hefur ekki enn lokið störfum.

Óumdeilt er einnig, að fiskvegur hefur verið gerður um Stekkjarfoss, eftir að undirmat fór fram.

Þar sem ætla má, að gerð þessa fiskvegar breyti í einhverju forsendum þeim, er undirmat, dags. 14. september 1986, byggðist á, og þar sem aðilar að Veiðifélaginu Flóku eru ekki sammála um, að breyting þessi verði lögð til grundvallar við yfirmat, verður að líta svo á, að matsbeiðendur hafi lögvarða hagsmuni af því, að dómkvaddir verði matsmenn til að gera nýja arðskrá fyrir Flóku, enda verður ekki séð, að yfirmatsmenn geti tekið tillit til þessara nýju forsendna.

Ber því að taka til greina þá kröfu Jóns Blöndals og Júlíusar Þorsteinsonar, að dómkvaddir verði tveir hæfir og óvilhallir menn til þess að gera arðskrá fyrir Flóku.

Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Umdeild dómkvaðning matsmanna skal fara fram.
